

Til sveitarstjórnarráðs Reykjanesbæjar

Erindi: Umsókn um styrk

Vegna aukinnar aðsóknar í þjónustu Aflsins, samtaka fyrir þolendur ofbeldis, óska samtökin eftir því við Reykjanesbæ að veita samtökunum styrk að upphæð 200.000 kr.

Um Aflið

Aflið, samtök fyrir þolendur ofbeldis, sinnir einstaklingsviðtölum og hópastarfi, fólki að kostnaðarlausu. Samtökin taka á móti breiðum hópi en á síðasta ári tókum við viðtöl við 112 einstaklinga sem hingað leituðu í fyrsta sinn en alls tókum við viðtöl við tæplega tvö hundruð einstaklinga. Þess má geta að fólk kemur að jafnaði í sex einstaklingsviðtöl og á möguleika á því að fara í hópastarf í framhaldi af því. Þjónusta Aflsins er fjölbreytt og bjóðum við upp á fjar- og sínaviðtöl en við bjóðum einnig upp á fjar hópastarf. Einstaklingar fá sömu þjónustu frá Aflinu óháð búsetu. Fólkið sem hingað leitar er staðsett víðsvegar á landinu. Þess má geta að kostnaður við hvern skjólstaðing nemur um kr. 150.000.

Aflið er með ráðgjafa sem ferðast í önnur sveitarfélög til þess að veita ráðgjöf með reglulegu millibili en einnig er Aflið með ráðgjafa sem staðsettir eru í öðrum sveitarfélögum. Aðal starfsstöð Aflsins er á Akureyri, einn ráðgjafi er staðsettur á Húsavík og annar á Egilsstöðum. Þar að auki erum við með reglulega viðveru á Blönduósi og á Reyðarfirði.

Aukin aðsókn frá höfuðborgarsvæðinu

Aflið hefur lagt áherslu á að útfæra þjónustu sína þannig að hún henti aðstæðum þolenda ofbeldis á landinu öllu. Á þessu ári höfum við verið að taka mun fleiri einstaklinga frá höfuðborgarsvæðinu en áður því staðan hefur verið sú að biðlistar eru of langir. Ástæðan fyrir því að við sendum ykkur þetta erindi og óskum eftir styrk er til þess að bæta þjónustu til þolenda sem þurfa að leita sér fjarþjónustu þegar aðrir möguleikar ganga ekki.

Með von um jákvæð svör

Fh. Aflsins



Erla Hrönn, framkvæmdastýra Aflsins.